

Fundargerð - 6. fundur stýrinfundar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint.

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 29.04.2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Viðstaddir:

Indriði Þorláksson (formaður), Guðmundur Árnason, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfellis af hálfu ríkisstjórnarinnar, Charles Williams from Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Aðgerðapunktur:

Nefnd verður sett upp á vegum fjármálaráðuneytis, bankamálaráðuneytis, skrifstofu forsætisráðherra og seðlabanka til að gera ákveðnar tillögur til ríkisstjórnarinnar og bankanna til að leysa FX vandann (þ.e. gjaldmiðlaójafnvægið ath. þýðanda).

CW upplýsti nefndina um að Hawkpoint myndi fá fyrstu drög að viðskiptaáætlunum frá bönkunum þriðjudag og miðvikudag í næstu viku. Þær myndu væntanlega ekki verða jafnvel á veg komnar og HP hefði viljað. Sérstök gát verði gefin að FX ójafnvæginu. Bankarnir verði að auka afskriftir vegna gengisbundinna lána umfram Deloitte skýrsluna. Þetta gæti haft víðtækar afleiðingar. Þess þarf að gæta að samræmi ríki gagnvart kröfuhöfunum. HP og ÞP munu jafnframt funda með Seðlabanka til að ræða FX vandamálið og áhrifin á peningastefnuna.

ÞP benti á að þvinga (færa) galdeyrslánin í ISK á þessum punkti myndi minnka virði lánabókanna miðað við Deloitte matsaðferðirnar.

HV sagði að með hliðsjón af tillögum um aukna samvinnu milli bankanna væri (rétt) að sækja og fá skriflega yfirlýsingu frá Samkeppniseftirlitinu um að bankarnir gætu með almennum hætti átt samráð um sameiginleg vandamál starfsgreina. SSF hefur einnig lýst yfir vilja til samstarfs. (SFF ?)

IP lagði til að vinnuhópur yrði stofnaður til að vinna með bönkunum og HP til að leysa FX vandann. Ráðuneytin þrjú sem mynda stýrihópinn verði með fulltrúa sem og Seðlabankinn. ÞP og ÞA muni koma frá fjármálaráðuneyti, Björn Rúnar Guðmundsson frá skrifstofu forsætisráðherra og Áslaug Árnadóttir frá viðskiptaráðuneytinu. Vinnuna skuli grundvallar á gjaldmiðlaskiptayfirlýsingu frá Seðlabanka og FX skýrslu sem skila skal af FX vinnuhóp undir forystu BRG. Takmarkið er að koma með ákveðnar tillögur til ríkisstjórnar og bankanna. Þetta þarf að vera tæknilega útfært og framkvæmanlegt. ÞP á að leiða hópinn. IP mun ræða tillöguna við seðlabankastjórnann.

ÞP undirstrikaði nauðsyn þess að bankarnir tækju þátt en hingað til.

Samskipta/upplýsingaaðferðir voru síðan ræddar. Deloitte skýrslan enn í tafaferli. (henni var þó skilað 20.04 2009 ath. þýðanda)

GÁ upplýsti að FME hefði fengið 2 skýrslur. Aðra í gærkvöldi. Oliver Wyman á að skila lokaáliti næsta miðvikudag. Hann undirstrikaði að einhver tímaáætlun væri þýðingarmikil vegna næstu markmiðsnótu. Það þarf að samræma orðalag við það.

CW tók fyrir stjórnsýsluspurningar. IP sagði að meiri undirbúningsvinna væri nauðsynleg um það.

GÁ sagði að forsætisráðherra vildi að TB myndi vinna að stjórnsýsluspurningum með nefndinni.